

## Að iðka heimspeki er ígildi þess að læra að deyja<sup>1</sup>

Cicero segir að það að iðka heimspeki sé ekki annað en að undirbúa dauða sinn.<sup>2</sup> Það er vegna þess að lærdómur og ígrundun draga á vissan hátt sálina úr líkamanum og halda henni upptekinni utan hans, sem er eins konar undirbúningur og æfing fyrir dauðann; eða þá vegna þess að öll viska og veraldlegt hjal ákveða loks að kenna okkur að óttast ekki dauðann. Satt að segja hlýtur skynsemin annaðhvort að draga dár að okkur eða stefna að því að gera okkur ánægð, og öll vinna hennar hafa það að leiðarljósi að gera líf okkar gott og þægilegt, eins og segir í hinni heilögu ritningu.<sup>3</sup> Allir deila þeirri skoðun að ánægja sé markmið okkar þótt margar leiðir liggi þangað; ella myndum við skella við þeim skollaeyrum, því hver hlustar á rödd sem hefði í hyggju að valda okkur þjáningu og leiða?

Deilur heimspekiskólanna um þetta efni snúast um orð. „*Transcurramus solertissimas nugas.*“<sup>4</sup> Þar er að finna meiri þrjúsku og hártoganir en sémir svo virðulegri starfsgrein. En einu gildir hvaða

1 Hér er einkum stuðst við útgáfu Alberts Thibaudet og Maurice Rat: Montaigne, *Œuvres complètes*, París, Gallimard, 1962 en ensk þýðing M. A. Screech er höfð til hliðsjónar: Michel de Montaigne, *The Complete Essays*, London, Penguin Classics, 2003. Tilvísanir í þau fornu rit sem Montaigne studdist við eru alla jafna fengnar úr frönsku útgáfunni og hafa skal í huga að þær eru ekki alltaf í samræmi við þær útgáfur fornra texta sem nú eru til. Þýðandi hefur sjálfur snarað latneskum textum nema annað sé tekið fram. Geir Þ. Þórarinssyni er færðar þakkir fyrir vandaðan yfirlestur á latneskum textum og þýðingum.

2 Cicero, *Tusculanae disputationes*, I, 30: „Öll ævi heimspekinga, eins og Sókrates segir, er hugleiðing um dauðann.“

3 Hér vitnar Montaigne í Gamla testamentið: „Ég sé að ekkert hugnast þeim betur en að vera glaðir og njóta lífsins meðan það endist“; *Préd* III. 12 (*Bíblían*, Hið íslenska biblíufélag, JPV útgáfa, 2007, bls. 820).

4 [Förum hratt yfir þetta gáfulega gaspur. Seneca, *Epistulae morales ad Lucilium*, CXVII, 30]

persónu maðurinn leikur því hann leikur ætíð sitt eigið hlutverk. Hvað sem þeir segja þá er unaður hinsta takmark okkar í dyggðinni sjálfri. Ég nýt þess að láta þetta orð, sem þeir hafa svo mikla óbeit á, dynja á eyrum þeirra. Og ef það vísar til dýpstu ánægju og ríkulegrar hamingju er það dyggðinni að þakka frekar en nokkru öðru. Þótt ánægjan sé frískleg, þróttmikil, karlmannleg og kröftug er hún einfaldlega enn ánægjulegri. Og við hefðum átt að kalla dyggðina ánægju, sem á betur við, er eðlilegra og mildara; ekki því nafni dagnaðar sem við gáfum henni.<sup>5</sup> Ef hin ánægjan eða unaðurinn, sem er óæðri, hefur fengið þetta fallega nafn ætti það að vera umdeilt en ekki af því hún hefur rétt á því. Mér finnst meira um fyrirstöður og hindranir þar en í dyggðinni. Burt séð frá því að bragð hennar er hverfulla, ógreinanlegra og veikara þá á hún sér sínar vökur, föstur, erfiði, svita og blóð, og umframt allt sína sterku og margbreytilegu hughrif, og, við hlið sér, svo þungbæra mettun að hún jafnast á við iðrun og yfirbót. Það er rangt hjá okkur að halda að þessar hindranir þjóni hlutverki hvata og bragðbætis á sætleika hennar, þar sem andstæða verður skarpari af andstæðu sinni í náttúrunni, og að segja, þegar við fjöllum um dyggðina, að slík eftirköst og erfiðleikar geri hana óvægna og óaðgengilega þegar það göfgar hana, skerpir og upphefur hina fullkomnu guðlegu ánægju sem hún færir okkur mun frekar en þegar unaður á í hlut. Sá er sannarlega óverðugur því að kynnast henni sem mælir og vegur verð hennar við ávöxtinn og þekkir hvorki feegurð hennar né notagildi. Þeir sem fræða okkur um að hættulegt og erfitt sé að leita hennar en ljúft að njóta hennar, hvað eru þeir að segja okkur annað en að hún sé ávallt ógeðfæld? Því hvaða mannlegt meðal hefur nokkru sinni gert einhverjum kleift að njóta hennar? Þeir fullkomnustu hafa látið sér nægja að þrá hana og nálgast án þess að komast yfir hana. En þeir hafa rangt fyrir sér: vegna þess að sjálf leitinn að allri þeirri ánægju sem við þekkjum er ánægjuleg. Eiginleikar þess sem leitað er setja svip sinn á leitina vegna þess að þeir eru stór hluti hennar og óaðskiljanlegur. Hamingjan og sælan sem ljóma í dyggðinni fylla allt sem er hluti af henni og leiðir til hennar, að fyrsta inngangi og ystu tálum. Og einn helsti ávinningur hennar

5 Hér virðist Montaigne stýðast við þá skýringu Cicero (*Tusculanae disputationes*, II, 18) að orðið *virtus* 'dyggð' sé dregið af *vis* 'ofbeldi', 'kraftur'. Þessi orðskýring er ekki viðurkennd í dag.

er fyrirlitning á dauðanum, sem er leið til að færa lífi okkar hægláta ró og láta okkur finna hreint og ljúft bragð þess, en án þess slokknar allur annar unaður.

Af þessum sökum mætast allar reglur og eiga við um þetta atriði. Og þótt þær leiði okkur líka allar í kór að því að líta niður á sársaukann, fátæktina og önnur óhöpp sem henda mennina, þá er það ekki á sama hátt, bæði vegna þess að ekki er víst að þessir atburðir séu óumflýjanlegir (flestir fara í gegnum lífið án þess að kynnast fátækt, og enn aðrir án þjáningar og sjúkdóma, eins og tónlistarmaðurinn Xenofilos sem lifði heilsuhraustur í hundrað og sex ár) en líka vegna þess að í versta falli getur dauðinn bundið enda á lífið, þegar okkur hentar, og komið í veg fyrir öll önnur óþægindi. Og hvað dauðann snertir þá er hann óumflýjanlegur.

*Omnes eodem cogimur, omnium  
Versatur urna, serius ocius  
Sors exitura et nos in aeternum  
exitium impositura cymbæ.<sup>6</sup>*

Og af því leiðir að ef dauðinn vekur með okkur ótta þá er það stöðug uppspretta þjáningar sem ómögulegt er að lina. Hann sækir að okkur úr öllum áttum, við getum snúið höfðinu hingað og þangað án afláts eins og í óvinalandi<sup>7</sup>: „*quæ quasi saxum Tantalos semper impendet*“.<sup>8</sup> Dómstólar okkar láta oft taka glæpamenn af lífi á þeim stað sem þeir frömdu ódæðið: á leiðinni þangað skuluð þið láta þá ganga meðfram fallegum húsum, gefið þeim eins mikið af góðum mat og þið viljið,

*non Siculæ dapes  
Dulcem elaborabunt saporem,  
Non avium cytharæque cantus  
Sommum reducent.<sup>9</sup>*

6 [Öll færumst við í átt að sama stað, örlög okkar ráðast í kerinu (*urna*), þaðan fregnast þau fyrr en síðar og láta okkur stíga um borð í bát hins eilífa dauða. Hóratíus, *Carmina*, II, iii, 25–28]

7 Hér þýðir Montaigne úr verki Senecu, *Epistolæ morales ad Lucilium*, LXXIV.

8 [Þetta er eins og bjargið sem vofir ávallt yfir Tantalos. Cicero, *De finibus*, I, 18].

9 [veislur á Sikiley munu ekki kitla bragðlaukana, hvorki fuglasöngur né leikur lýrunnar munu færa svefn, Hóratíus, *Carmina*, III, i, 18–20]

haldið þið að þeir geti glaðst yfir því og að endanlegur tilgangur ferðarinnar, sem blasir jafnan við þeim, hafi ekki breytt og deyft bragð allra þessara hæginda?

*Audit iter, numeratque dies, spacioque viarum  
Metitur vitam, torquetur peste futura.*<sup>10</sup>

Leið okkar liggur að dauðanum, það er hið nauðsynlega takmark sem við stefnum að: ef hann skelfir okkur hvernig er þá hægt að stíga fram á við, án uppnáms? Ráð hins óbreytta manns er að leiða ekki hugann að honum. En hvaða heiftarlega heimska getur orsakað slíka blindu? Það verður að láta hann beisla taglið á asnanum,

*Qui capite ipse suo instituit vestigia retro.*<sup>11</sup>

Það er engin furða að hann festist svo oft í gildrunni. Við hræðum fólkið okkar við það eitt að nefna dauðann á nafn og flestir gera krossmark eins og þegar djöfulinn ber á góma. Og vegna þess að dauðinn er nefndur í erfðaskráum skulið þið ekki búast við að þeir hefjist handa við gerð þeirra fyrir en lækni­rinn hefur kveðið upp dauðadóm og Guð má vita hversu skýrir þeir eru í kollinum, kvaldir og skelfdir, við þau skrif.

Þar sem orðið dauði lét of harkalega í eyrum þeirra og virtist færa ógæfu lærðu Rómverjar að mýkja það, teygja og umorða. Í stað þess að segja: hann er dáinn, hann er hættur að lifa, segja þeir: hann hefur lifað.<sup>12</sup> Svo lengi sem það er líf, þótt það sé liðið, finna þeir huggun. Þaðan fengum við að láni okkar sálaða Jón Jónsson.

Ef til vill er það svo, eins og sagt er, að tíminn sem við höfum lifað sé peninganna virði. Ég kom í þennan heim milli klukkan ellefu og tólf, síðasta dag febrúarmánaðar árið 1533, samkvæmt okkar tímatali, sem hefst í janúar.<sup>13</sup> Það eru ekki nema tvær vikur síðan ég varð 39 ára, ég verð að lifa að minnsta kosti jafnlengi; það

10 [Hann spyrst vegar og telur dagana, mælir líf sitt út frá vegalengdinni, kvelst af þeirri angist sem biður hans. Claudius Claudianus, *In Rufinum*, II, 137–138]

11 [Því hann hefur ákveðið að snúa aftur á bak þegar hann gengur. Lucretius, *De Rerum Natura*, IV, 472]

12 Fengið að láni úr *Cicero*, XXII eftir Plútarkos.

13 Karl 9. Frakklandskonungur lét færa fyrsta dag ársins frá páskum til 1. janúar árið 1564. Skipun hans var framkvæmd 1. janúar 1567.

væri hins vegar glapræði að flækja sig í hugsanir um svo fjarlægga atburði. En hvað um það, ungir sem aldnir kveðja lífið á sama hátt. Enginn kveður það öðruvísi en eins og hann væri nýmættur til leiks. Auk þess er ekki til sá maður sem heldur ekki að hann eigi tuttugu ár eftir í líkamanum, sama hversu hrumur hann er, svo lengi sem hann sér Metúsala fyrir framan sig.<sup>14</sup> Og það sem meira er, aumi afglapi! Hver heldur þú að hafi ákveðið hversu langt líf þitt verður? Þú styðst við það sem lækarnir segja. Líttu frekar á staðreyndir og það sem reynslan kennir okkur. Miðað við það sem gengur og gerist getur þú þakkað fyrir að vera á lífi. Þú hefur nú þegar lifað lengur en flestir menn. Og til að fullvissa þig um það skaltu telja hversu margir af kunningjum þínum dóu áður en þeir náðu þínum aldri miðað við þá sem náðu honum; skráðu niður þá sem hafa öðlast frægð og ég skal veðja að fleiri dóu áður en þeir urðu 35 ára en eftir þann aldur. Það er mjög skynsamlegt og til merkis um trúrækni að taka sem dæmi mannlegt eðli Jesú Krists: hans lífi lauk þegar hann var 33 ára. Hinn mikli maður, sem var aðeins maður, Alexander, dó líka á þessum aldri.

Hversu margar leiðir hefur dauðinn til að koma okkur á óvart?

*Quid quisque vitet, nunquam homini satis*

*Cautum est in boras.*<sup>15</sup>

Ég tel hita og stingsótt ekki með. Hverjum hefði dottið í hug að hertogi af Bretaníu myndi kafna í mannþrönginni eins og gerðist þegar nágranni minn Klement páfi kom inn í Lyon? Hefur þú ekki séð einn af konungum okkar deyja við leik?<sup>16</sup> Og drap ekki svín einn af forfeðrum hans?<sup>17</sup> Það var til lítils fyrir Æskýlos að vera á varðbergi í húsi sem var að hruni komið: hann rotaðist af skel skjaldböku sem slapp úr klóm arnar á flugi. Einn dó af vínbersfræi, keisari vegna rispu sem hann fékk þegar hann var að greiða sér, Emilius Lepidus þar sem hann rak fótinn í þröskuldinn hjá sér,

14 Metúsala varð 969 ára gamall. Hann var afi Nóa; *Biblían, Fyrsta Mósebók (Genesis)* 5:21–27.

15 [Maðurinn getur aldrei nægilega varist þeim hættum sem ógna honum á hverri stundu. *Hóratíus, Carmina*, II, xiii, 13–14]

16 Hinrik 2. hlaut banvænt sár í burtreiðum 10. júlí 1559.

17 Svín hljóp á hest hins unga Filippusar, sonar Loðvíks 6. í París 13. október 1131. Filippus féll af hestinum og lést af högginu.

Aufidius við það að rekast í dyragaflinn á þinghúsinu þegar hann gekk inn, og milli kvenmannslæra dóu Cornelius Gallus, pretor, Tigillinus, varðstjóri í Róm, Ludovico, sonur Guido Gonzaga, sem var markgreifi af Mantúa, og annar sem er enn síður til fyrirmyndar, Spevsippos, platónskur heimspekingur, og einn af páfunum okkar. Þegar vesalings Bebius dómari var að veita málsaðila vikufrest klófesti dauðinn hann þar sem lífstími hans var úti. Og Caius Julius, læknir, var að bera smyrsl í augu sjúklings þegar dauðinn kom og lokaði hans eigin augum.<sup>18</sup> Og ef ég þarf að blanda sjálfum mér í þetta þá fékk bróðir minn, kafeinn Saint-Martin, aðeins tuttugu og þriggja ára að aldri en sem hafði þá þegar sannað ágæti sitt, prikshögg sem lenti rétt fyrir ofan hæggra eyrað þegar hann var í lófaleik; hann hlaut hvorki sár né marblett og þurfti hvorki að setjast né hvíla sig en fimm eða sex stundum síðar dó hann úr heilablóðfalli af þessum sökum. Hvernig er hægt, þegar við höfum þessu mörgu dæmi og hversdagslegu fyrir augunum, að losna undan hugsuninni um dauðann og finnast ekki á hverju andartaki að hann haldi um hálsmálið?

Hverju skiptir það, munuð þið segja, hvernig dauðann ber að, ef maður hefur ekki þungar áhyggjur af honum? Það er mín skoðun, og hvernig sem hægt er að skýla sér fyrir höggum, þá myndi ég ekki hika við það, jafnvel undir kálfskinni.<sup>19</sup> Því mér nægir að líða vel; ég kem mér eins vel fyrir og hægt er og sætti mig við það sem ég hef, sama hversu skammarlegt og lítt til fyrirmyndar ykkur getur þótt það,

*prætulerim delirus, inérsque videri,*

*Dum mea delectent mala me, vel denique fallant,*

*Quam sapere et ringi.<sup>20</sup>*

En það er firra að halda að sú leið sé vænleg. Þeir koma og fara, þeir hlaupa, dansa, en engar fréttir af dauðanum. Allt er þetta fallett. En þegar dauðinn kemur, til þeirra, eiginkvonna þeirra, barna eða vina,

18 Þessi dæmi fær Montaigne úr ýmsum áttum, meðal annars frá Pliniusi eldri (*Naturalis Historia* eða *Náttúruvannsóknir*) og safnrítum eftir samtímamenn sína.

19 Kálfskinn er andstæða við ljónsfeld, sem var tákn hugrekklis.

20 [Frekar vil ég vera talinn heimskur eða fávís, svo lengi sem mistök mín eru ánægjuleg þótt þau séu óheppileg, en að vera vitur og skapillur. Hóratíus, *Epistulae*, II, ii, 126–128]

óvænt og þegar síst skyldi, þvílík þjáning, óp, reiði og örvænting hellist ekki yfir þá? Hafið þið nokkurn tímann séð aðra eins niðurlægingu, umskipti og ringulreið? Það þarf að hugsa fyrir þessu í tæka tíð. Og þetta dýrslega kæruleysi, sem getur búið um sig í höfði skynsams manns, sem mér finnst reyndar alveg óhugsandi, er of dýrkeypt. Ef það mætti forðast dauðann eins og óvin ráðlegði ég fólki að nota vopn hugleysisins. En úr því að það er ekki hægt, fyrst hann nær ykkur á flótta, bæði heiglum og heidursmönnum,

*Nempe et fugacem persequitur virum,  
Nec parcit imbellis iuventæ  
Poplitibus, timidoque tergo.*<sup>21</sup>

og engin hert brjóstbrynja getur varið ykkur,

*Ille licet ferro cautus se condat ære,  
Mors tamen inclusum protrahet inde caput.*<sup>22</sup>

þá skulum við læra að standa styrkum fótum og mæta honum. Og til að svipta hann strax sínum stærsta ávinningi gegn okkur skulum við velja leið sem er andstæð þeirri venjulegu. Sviptum hann framandleikanum, æfum okkur í honum, venjumst honum, hugsum ekki um neitt eins oft og dauðann. Ímyndum okkur hann á hverri stundu og í öllum sínum myndum. Þegar hesturinn hnýtur, þakskífa dettur, við minnstu nálarstungu, skulum við skyndilega spyrja: „Nú já, ætli þetta sé dauðinn sjálfur?“ og þá skulum við bregðast hraustlega við og herða upp hugann. Í gleðskap og fögnuði skulum við ætíð hafa þetta viðkvæði sem minnir okkur á hlutskipti okkar og látum ekki ánægjuna ná svo sterkum tókum á okkur að það rifjist ekki upp fyrir okkur af og til á hve margvíslegan hátt þessi kæti okkar þarf að þola dauðann og á hversu marga vegu hann hótar henni. Það gerðu Egyptar sem, í miðjum veislum og með sínum besta mat, létu bera fram þurrkaðan mannslíkama til að minna gestina á dauðann,<sup>23</sup>

21 [Hann eltir hugleysingjann sem flýr, og hlífir hvorki hnésbótum né baki kjarklitlu æskunnar sem snýr sér undan. Hóratíus, *Carmina*, III, ii, 14–16]

22 [Það er til lítils að fela sig undir jáni og bróni, dauðinn mun ná höfði hans úr herklæðunum. Sextus Propertius, *Elegiae*, III, xviii, 25–26.

23 Dæmi fengið frá Plútarkosi, *Septem sapientium convivium*, III.

*Omnem crede diem tibi diluxisse supremum.*

*Grata superveniet, quae non sperabitur hora.*<sup>24</sup>

Það er óvíst hvar dauðinn bíður okkar, væntum hans því alls staðar. Sá sem býr sig undir dauðann, býr sig undir frelsið. Þeim sem hefur lært að deyja hefur tekist að gleyma því hvernig á að vera undirgefinn.<sup>25</sup> Að kunna að deyja losar okkur undan allri ánaud og höftum. Það er ekkert illt í lífinu fyrir þann sem hefur skilið að það að missa lífið er ekki illt. Æmilius Paulus svaraði þeim sem fangi hans, sá aumi konungur Makedóníu, sendi með þá bón að sýna hann ekki í sigurgöngu: „Megi hann biðja sjálfan sig um þann greiða.“<sup>26</sup>

Í raun má segja um alla hluti að ef náttúran hjálpar ekki til eru litlar líkur á að list og iðnaður taki framförum. Sjálfur hneigist ég ekki til þunglyndis en er draumóramaður. Ekkert hef ég fengist jafnmikið við og hugsanir um dauðann, jafnvel á lausbeislaðasta tíma ævi minnar.

*Jucundum cum aetas florida ver ageret,*<sup>27</sup>

Í félagsskap kvenna og í leikjum, héldu sumir að ég væri haldinn afbrýðisemi eða óvissu um eigin væntingar, þegar ég var upptekinn af því að hugsa um hinn eða þennan, sem hafði óvænt fengið sóttþita nokkrum dögum fyrr – og dauða hans – eftir veislu líka þeirri sem ég var í, með hugann fullan af iðjuleysi, ást og gleðistundum, eins og ég, og að það sama biði mín handan við hornið:

*Jam fuerit, nec post unquam revocare licebit.*<sup>28</sup>

Ég var hættur að hnykla brýnnar yfir þessari hugsun frekar en annarri. Fyrst er ómögulegt að sviða ekki undan slíkum hugrenningum. En með því að velta þeim fyrir sér og fjalla um þær, hægt og bítandi, er eflaust hægt að hafa stjórn á þeim. Annars væri ég

24 [Lítu á hvern dag eins og hann væri þinn síðasti. Fagnaðu næstu stund, ef hún kemur óvænt. Hóratíus, *Epistulae*, I, iv, 13–14]

25 Spakmæli fengið hjá Senecu, *Epistulae morales ad Lucilium*, XXVI.

26 Þetta dæmi fékk Montaigne hjá Plútarkosi, *Aemilius Paulus*, XVII.

27 [Þegar mín blómstrandi æska fagnaði vorinu. Catullus, LXVIII]

28 [Núíð verður senn liðið, og við munum aldrei geta kallað það til baka. Lucretius, *De Rerum Natura*, III, 915]



sífelldu dauðskelkaður og fullur örvæntingar, því aldrei hefur sá maður verið uppi sem er jafn lífhræddur eða efast eins mikið um langlífi sitt og ég. Heilsan, sem hefur hingað til verið þróttmikil og jöfn, eflir ekki vonina og sjúkdómar veikja hana ekki heldur. Hvert andartak finnst mér sem ég hlaupi burt frá sjálfum mér. Og ég endurtek sí og æ: „Allt sem gera má annan dag má gera í dag.“ Í raun færa hendingar og hættur okkur aðeins lítið eða alls ekki nær endalokum okkar og ef við hugsum um þá milljón atburði sem vofa yfir okkur, án þess atburðar sem virðist ógna okkur hvað mest á hverri stundu, munum við, hraustir og sjúkir, sjá að á hafi úti og heima, í bardaga og hvíld er dauðinn alltaf jafnnálægur. „*Nemo altero fragilior est: nemo in crastinum sui certior.*“<sup>29</sup>

Til þess að ljúka því sem ég á eftir að gera áður en ég dey er enginn tími nógu langur, þótt það væri bara einnar klukkustundar verk. Einhver fletti bókunum mínum um daginn og fann minnispunkta um eitthvað sem ég vildi láta gera eftir minn dag. Ég sagði honum, eins og satt var, að eitt sinn er ég var í aðeins einnar mílu fjarlægð frá heimili mínu, heilsugóður og þróttmikill, hafi ég flýtt mér að hripa þetta niður þar á staðnum vegna þess að ég var ekki viss um að komast alla leið heim. Þar sem ég er sú manngerð sem liggur á hugsunum sínum og geymir þær innra með sér þá er ég öllum stundum eins reiðubúinn og hægt er að vera. Og koma dauðans mun ekki færa mér neitt nýtt.

Alltaf skal maður verða kominn í skó og ferðubúinn, eftir því sem hægt er, og umfram allt laus við áhyggjur af öðrum en sjálfum sér:

*Quid brevi fortes jaculamur ævo*

*Multa?*<sup>30</sup>

Því það mun reynast okkur feikinóg, án þess að annað bætist þar ofan á. Einn maður kvartar meira undan því en að deyja að dauðinn hafi komið í veg fyrir glæstan sigur; annar undan því að hann þurfi að kveðja áður en honum auðnaðist að gifta dóttur sína eða gerði ráðstafanir um menntun barna sinna; einn kvartar undan félagsskap

29 [Enginn er viðkvæmari en annar, enginn er öruggari en annar um hvað morgundagurinn muni bera í skauti sér. Seneca, *Epistulae morales ad Lucilium*, XCI, 16]

30 [Af hverju ætlum við okkur svo mikið á svona stuttri ævi? Hóratíus, *Carmina*, II, xvi, 17]

konu sinnar, annar sonar síns, eins og þetta væri það sem mestu máli skipti í tilveru hans.

Það er þannig ástatt hjá mér nú, Guði sé lof, að ég get farið þegar honum hentar, án þess að sjá eftir nokkrum sköpuðum hlut nema ef vera skyldi lífinu sjálfu, ef missir þess reynist mér þungur. Ég losa mig frá öllu, ég hef nú þegar kvatt alla til hálf, nema sjálfan mig. Aldrei hefur nokkur maður búið sig undir að kveðja þennan heim á skýrari og innilegri hátt eða losað sig frá honum á jafn almennan hátt og ég ætla mér að gera.

*Miser ô miser, aiunt, omnia ademit  
Una dies infesta mihi tot præmia vitæ.<sup>31</sup>*

Og smiðurinn segir:

*Manent opera interrupta, minæque  
Murorum ingentes.<sup>32</sup>*

Ekkert skyldi maður áætla sem er svo tímafrekt að ekki sé hægt að fylgja því til enda eða sinna því af ástríðu. Við fæddumst til þess að láta til okkar taka:

*Cum moriar, medium solvar et inter opus.<sup>33</sup>*

Ég vil að maður láti til sín taka og lengi skyldur lífsins eins og hægt er og megi dauðinn koma til mín þar sem ég er að setja niður kál og áhyggjulaus um dauðann og ekki síður minn ókláraða garð. Ég sá mann deyja sem var alveg á grafarbakkanum og kvartaði látlaust undan því að nú hefðu örlögin klippt á þráð sögunnar sem hann vann að um 15. eða 16. konung okkar.

*Illud in his rebus non addunt, nec tibi earum  
Jam desiderium rerum super insidet una.<sup>34</sup>*

31 [Æ, mig auman, einn ógæfudagur, segja þeir, tók frá mér allar lífsins lystisemdir. Lucretius, *De Rerum Natura*, III, 898-899]

32 [verk biða í miðjum klíðum, miklir múrar [og himinhá smíðavél]. Virgill, *Eneasarkviða*, þýð. Haukur Hannesson, Reykjavík, Mál og menning, 1999, IV, 88-89, bls. 87.]

33 [Þegar ég dey, megi ég vera í miðjum klíðum. Ovidius, *Amores*, II, x, 36]

34 [Enginn bætir við, um þetta, að eftirsjá eftir hlutum muni ekki lifa eftir dauða okkar. Lucretius, *De Rerum Natura*, III, 900-901]

Maður verður að losa sig við þessa óhefluðu leiðindarólund. Rétt eins og kirkjugarðar voru hafðir við kirkjur og á þeim stöðum sem flestir áttu ferð um til þess að venja, sagði Lýkúrgos,<sup>35</sup> lýðinn, konurnar og börnin við að hræðast ekki dauðan mann og til að þessi stöðuga sýning á beinum, gröfum og líkfylgdum minnti okkur á hlutskipti okkar:

*Quin etiam exhilarare viris convivio cæde  
Mos olim, et miscere epulis spectacula dira  
Certantum ferro, sæpe et super ipsa cadentum  
Pocula respersis non parco sanguine mensis;*<sup>36</sup>

Og líkt og Egyptar, sem eftir veislur létu bera fram fyrir viðstadda stóra mynd af dauðanum af manni sem kallaði til þeirra: „drekktu og vertu glaður vegna þess að þegar þú verður dauður verður þú svona,<sup>37</sup> þá hef ég vanið mig á hafa dauðann án afláts ekki aðeins í huganum heldur einnig á vörunum og það er ekkert sem ég leitast eins fúslega eftir að vita og hvernig dauða manna bar að: hvaða orð þeir létu falla, hvernig þeir litu út, hvernig þeir voru á svipinn, og það er enginn staður í sögum sem ég sýni jafn mikinn áhuga.

Það má sjá á þeim fjölda dæma sem hér eru að ég hef sérstakt dálæti á þessu efni. Ef ég væri bókahöfundur myndi ég gera skrá yfir ólíka dauðdaga.<sup>38</sup> Sá sem kenndi mönnunum að deyja myndi kenna þeim að lifa.

Díkæarkos samdi bók um þetta efni en í öðrum og gagnslausari tilgangi.<sup>39</sup>

Mér verður svarað með því að áhrif dauðans séu svo miklu sterkari en hugsunin um hann að jafnvel besti skylmingamaður missi tökin þegar þangað kemur. Leyfum þeim að tala: Að búa sig

35 Þetta dæmi byggir á verki Plútarkosar, *Lycurgus*, XX.

36 [Áður fyrr tíðkaðist að lífga upp á veislur með morðum, og skemmta gestum með grimmilegum bardögum þar sem hinir sigrðu féllu iðulega á bikarana og blóðið rann yfir veisluborðin. Silius Italicus, *Punica*, XI, 51–54.]

37 Þessa tilvitnun fær Montaigne úr frönsku þýðingunni sem kom út árið 1575 á verkinu *Rannsóknenum (Historiai)* eftir Heródotos. Hér er vitnað í íslenska þýðingu Stefáns Steinssonar á verkinu *Rannsóknir*, Reykjavík, Mál og menning, 2013, II, 78, bls. 111.

38 Hér vísar Montaigne í safnritin sem voru vinsæl á hans tíma. Upptalningar voru einnig algengar, t.d. hjá Rabelais.

39 Þessi gríski heimspekingur lét sér nægja að rannsaka hvort fleiri dóu í stríðum en af öðrum sökum; Cicero, *De officiis*, II, 5.

undir dauðann er eflaust til bóta. Og er það einskis vert að fara þangað að minnsta kosti án hiks og kvíða? Og það sem meira er: Náttúran sjálf réttir okkur hjálparhönd og gefur okkur styrk. Ef þetta er snöggur og voveiflegur dauðdagi höfum við ekki svigrúm til að óttast hann; ef hann er öðruvísi geri ég mér grein fyrir því að eftir því sem veikindin búa um sig finn ég til ákveðinnar fyrirlitningar á lífinu. Mér er ljóst að ég þarf að hafa meira fyrir því að sætta mig við þá ákvörðun að deyja þegar ég er hraustur heldur en þegar ég er sjúkur, ekki síst vegna þess að ég held ekki eins fast í þægindi lífsins og er farinn að glata þeim og ánægjunni sem þeim fylgir, og þess vegna veldur dauðinn mér mun minni ótta. Það vekur hjá mér þá von að því meira sem ég fjarlægist lífið og færast nær dauðanum eigi ég auðveldara með að sætta mig við skiptin. Rétt eins og ég hef oft reynt við aðrar aðstæður það sem Caesar sagði,<sup>40</sup> þ.e. að hlutirnir virðast gjarnan stærri úr fjarska en þegar nær dregur, þá var ég miklu hræddari við sjúkdóma þegar ég var heilbrigður heldur en þegar ég fann fyrir þeim; kætin sem ég finn, ánægjan og styrkurinn veldur því að veikindin virðast svo ólík því ástandi að ég ýki óþægindin um helming og ímynda mér að þau séu óbærilegri en þau eru þegar ég svo burðast með þau. Ég vona að það verði þannig með dauðann.

Við sjáum á þessum umskiptum og almennu hnignun sem við verðum fyrir að náttúran rænir okkur tilfinningunni um hrörnun okkar og missi. Hvað á gamalmennið eftir af æskuþróttinum og liðinni ævi?

*Heu! senibus vite portio quanta manet!*<sup>41</sup>

Þegar einn varðmanna hans, gamall og skakkur, kom til hans á götu og bað um leyfi til að fara og stytta sér líf, svaraði Caesar af gamansemi, þegar hann sá hans auma útlit: „Þú heldur sem sagt að þú sért á lífi?“<sup>42</sup> Ég held að okkur væri ógerningur að þola slíka

40 *Gallastríðið (De bello gallico)*, VII, 84. Montaigne lætur sér nægja að endursegja það sem í þýðingu Páls Sveinssonar hljóðar svo: „Fer og einatt svo, að mönnum verður það meira áhyggjuefni, sem fjarlægara er.“ *Bellum Gallicum* eða *Gallastríðið*, Reykjavík, Bókadeild Menningarsjóðs, 1933, bls. 469–470.

41 [Veí, hversu mikið af lífinu er að finna hjá þeim öldnu. Maximianus, *Elegiae*, I, 16]

42 Fengið að láni hjá Senecu, *Epistulae morales ad Lucilium*, LXXVII, 18.

breytingu ef hún ætti sér stað í einni andrá. En náttúran leiðir okkur, skref fyrir skref, niður aflíðandi brekku, sem við finnum varla fyrir, hún vefur þessu auma ástandi um okkur og lætur okkur venjast því, þannig að við finnum engin ónot þegar æskan deyr innra með okkur, en það er í raun og sann þungbærari dauði en þegar lífi fullu söknuðar lýkur og ellin tekur enda. Auk þess er stökkið frá því að vera þjáður til þess að vera ekki til minna en stökkið frá því vera í blóma lífsins til þess að vera aumur og kvalinn.

Boginn og beygður líkami hefur minna þrek til að bera byrðar; það á einnig við um sálina: það þarf að þjálfra hana og ala upp í að mæta krafti þessa óvinnar. Þar sem ómögulegt er að hún hvílíst meðan hún óttast hann getur hún, ef hún kann að verjast honum á þennan hátt, státað sig af því að ómögulegt sé að merkja óróleika, kvíða, ótta, eða gremjuvott innra með henni, en það er nokkuð sem er nánast ofar mannlegu hlutskipti,

*Non vultus instantis tyranni  
Mente quatit solida, neque Auster,  
Dux inquieti turbidus Adriæ,  
Nec fulminantis magna Jovis manus.*<sup>43</sup>

Sálin hefur stjórn á ástríðum sínum og fýsnum, örbirgð, skömm, fátækt og öðru óláni sem örlögin færa okkur. Reynum allir sem einn að ná þessum ávinningi: Þar er hið raunverulega og sanna frelsi sem gerir okkur kleift að ögra kraftinum og óréttlætinu og hæðast að rimlum og hlekkjum:

*in manicis, et  
Compedibus, sævo te sub custode tenebo.*

*Ipse Deus simul atque volam, me solvet: opinor,  
Hoc sentit, moriar. Mors ultima linea rerum est.*<sup>44</sup>

43 [Ekkert getur haggað traustum hug, hvorki ógnvekjandi harðstjóri, né Áster –Sunnanvindur – yfir ólgandi Adríahafinu, né hin þrumandi hendi Júpíters. Hóratíus, *Carmina*, III, iii, 3–6]

44 [járnaðan á höndum og fótum læt ég óvæginn vörð gæta þín. – Guð sjálfur mun frelsa mig þegar ég bið hann þess. – Ég held að hann eigi við að ég muni deyja. Dauðinn er endir allra hluta. Hóratíus, *Epistulae*, I, xvi, 76–79]

Tryggasta mannlega undirstaða trúar okkar er fyrirleitning á dauðanum. Rödd skynseminnar leiðir okkur þangað, því hvers vegna ættum við að óttast að missa eitthvað sem ekki er hægt að sakna þegar það er glatað, og úr því að dauðinn ógnar okkur á svo marga vegu er þá ekki verra að óttast þá alla en að umbera einn?<sup>45</sup>

Hverju skiptir hvenær það verður fyrst hann er óumflýjanlegur? Þegar sagt var við Sókrates: „Harðstjórarnir þrjátíu dæmdu þig til dauða,“ þá svaraði hann: „Og náttúran dæmdi þá.“<sup>46</sup>

Þvílíkur kjánaskapur að hafa áhyggjur af því hvernig við kveðjum þennan heim og losnum við allar áhyggjur.

Rétt eins og fæðing okkar fæddi af sér og færði okkur alla hluti mun dauði allra hluta færa okkur okkar eigin dauða. Þess vegna er jafnheimskulegt að gráta það sem við munum ekki lifa eftir hundrað ár og að gráta það sem við lifðum ekki fyrir hundrað árum. Dauðinn er upphaf annars lífs. Þannig grétum við: þannig þurftum við að greiða fyrir að koma inn í þetta líf; á sama hátt losuðum við okkur við okkar forna hjúp við komuna hingað.

Ekkert getur valdið sorg sem gerist aðeins einu sinni. Er ástæða til þess að óttast svo lengi eitthvað sem varir svo stutt? Dauðinn leggur langlífi og skammlífi að jöfnu. Vegna þess að hið langa og hið skamma tilheyrir ekki hlutum sem ekki eru lengur. Aristóteles sagði að það væru lítil dýr á Hypanis-ánni sem lifa aðeins í einn dag.<sup>47</sup> Það þeirra sem deyr klukkan átta að morgni deyr ungt; það sem deyr klukkan fimm síðdegis deyr í hárrí elli. Hver okkar hlær ekki að því hvort þessi andartaksstund sé kölluð hamingja eða óhamingja? Hvort okkar eigin er lengri eða skemmri, ef við berum hana saman við eilífðina eða ævilengd fjallanna, ána, stjarnanna, trjánna og jafnvel sumra dýra, er ekki síður hlægilegt.

En náttúran neyðir okkur til þess.<sup>48</sup> „Kveðjið, segir hún, þennan heim eins og þið komuð þangað inn. Farið sömu leið frá lífinu til dauðans og þið fóruð frá dauðanum til lífsins, án ástríðu og án ótta. Dauði ykkar er hluti af gangverki alheimsins, hluti af lífi heimsins,

45 Hér styðst Montaigne við kafla úr ritinu *Um borgríki Guðs (De civitate Dei contra paganos)* I, 2 eftir heilagan Ágústínus.

46 Diogenes Laertios, *Vitae philosophorum*, II, v, 25.

47 Þýtt úr *Tusculanae disputationes*, I, 34, eftir Cicero.

48 Í einræðu náttúrunnar, sem hér hefst, sækir Montaigne einkum innblástur í verk Lucretiusar, *De Rerum Natura*, III, og Senecu.

*inter se mortales mutua vivunt*

*Et quasi cursores vitae lampada tradunt.*<sup>49</sup>

Myndi ég breyta þessu fagra samhengi hlutanna fyrir ykkur? Dauðinn er forsenda tilveru ykkar, hluti af ykkur: þið flýðið ykkur sjálf. Þessi tilvera ykkar, sem þið njótið, tilheyrir dauðanum og lífinu til jafns. Fyrsti dagur ævinnar er í senn upphaf dauða ykkar og lífs,

*Prima, quæ vitam dedit, hora carpsit.*<sup>50</sup>

*Nascentes morimur, finisque ab origine pendet.*<sup>51</sup>

Allt sem þið lifið takið þið frá lífinu; það er á kostnað þess. Alla ævina fáist þið við að búa til dauðann. Þið eruð í dauðanum á meðan þið eruð á lífi. En þegar þið eruð ekki lengur á lífi eruð þið eftir dauðann.

Eða ef þið viljið frekar þá eruð þið dáið eftir lífið en meðan á lífinu stendur eruð þið að deyja og dauðinn snertir þann sem er að deyja mun verr, mun dýpra og sterkar heldur en þann sem er dáið.

Ef þið hafið notið lífsins, eruð södd lífdaga, skulið þið kveðja ánægð,

*Cur non ut plenus vitæ conviva recedis?*<sup>52</sup>

Ef þið hafið ekki kunnað að nota lífið, ef lífið var ykkur einskis nýtt, hverju skiptir að missa það, til hvers viljið þið halda í það?

*Cur amplius addere quaeris*

*Rursum quod pereat male, et ingratum occidat omne?*<sup>53</sup>

Lífið er í sjálfu sér hvorki gott né vont; það er staður góðs og ills eftir því hvað stað þú ætlar þeim.

49 [Líf dauðlegra vera eru háð hvert öðru, eins og hlauparar sem rétta hver öðrum kyndil lífsins. Lucretius, *De Rerum Natura*, II, 76–77]

50 [Fyrsta stund þín færði þér lífið og byrjaði að rýra það. Seneca, *Hercules furens*, III, 874]

51 [Þegar við fæðumst deyjum við, endirinn er bundinn upphafinu. Manilius, *Astronomica*, IV, 16]

52 [Hví ekki að kveðja eins og lífsaddur gestur? Lucretius, *De Rerum Natura*, III, 998]

53 [Hví leitast þú við að bæta við tímann, sem þú munt aftur glata, gleðisnaður. Lucretius, *De Rerum Natura*, III, 941–942]

Og ef þú hefur lifað einn dag hefur þú séð allt. Einn dagur er ígildi allra daga. Það er ekki önnur birta eða önnur nótt. Þessi Sólar, þessi Máni, þessar Stjörnur, eru á sama stað og þegar forfedur þínir nutu þeirra, og þannig munu þau hafa ofan af fyrir börnum systkinabarna þinna:

*Non alium videre patres: aliumve nepotes  
Aspicient.*<sup>54</sup>

Og í versta falli verður skiptingu og fjölbreytileika í öllum þáttum leikrits míns lokið á einu ári. Ef þið hafið tekið eftir hringrás árstíða minna fjögurra, má sjá að þær ná yfir barnæskuna, unglingsárin, manndóminn og elli heimsins. Hún hefur leikið sitt hlutverk og dettur ekkert betra í hug en að byrja aftur. Þetta verður alltaf svona,

*versamur ibidem, atque insumus usque.*<sup>55</sup>  
*Atque in se sua per vestigia volvitur annus.*<sup>56</sup>

Ég hef ekki í hyggju að búa til nýja dægradvöl fyrir ykkur,

*Nam tibi præterea quod machiner, inveniámque  
Quo placeat, nihil est: eadem sunt omnia semper.*<sup>57</sup>

Leyfið öðrum að komast að, eins og aðrir hafa leyft ykkur að komast að.

Jafnræði er fyrsti hlutur sanngirinnar. Hver getur kvartað undan því að vera talinn með þegar allir eru það?

Þess vegna er ekki til neins að lifa því að það styttr ekki tímann sem þið verðið dáið; það er tilgangslaust: þið verðið jafn lengi í því ástandi sem þið óttist, eins og þið hefðið dáið á brjósti,

54 [Feður þínir sáu ekkert annað, ekkert annað munu afkomendur þínir sjá. Manilius, I, 522–523, skv. Juan Luis Vives, Commentary on St Augustine's *City of God*, XI, 4]

55 [Við snúumst í sama hringnum, og verðum ávallt þar. Lucretius, *De Rerum Natura*, III, 1080]

56 [Og árið fer annan hring, í sín eigin fótspor. Virgill, *Georgica*, II, 402]

57 [Því að það er ekkert annað sem ég get gert eða fundið upp til að veita þér ánægju, allt er alltaf eins. Lucretius, *De Rerum Natura*, III, 944–945]



licet, quod vis, vivendo vincere secla,  
Mors æterna tamen nihilominus illa manebit.<sup>58</sup>

Og ég skal sjá til þess að ykkur mislíki ekki neitt,

In vera nescis nullum fore morte alium te,  
Qui possit vivus tibi te lugere peremptum,  
Stansque jacentem.<sup>59</sup>

Og þið munuð ekki þrá lífið sem þið syrgið svo mjög,

Nec sibi enim quisquam tum se vitámque requirit,  
Nec desiderium nostri nos afficit ullum.<sup>60</sup>

Maður skyldi óttast dauðann minna en nokkuð annað, ef hægt væri  
að finna eitthvað minna,

multo mortem minus ad nos esse putandum  
Si minus esse potest quam quod nihil esse videmus.<sup>61</sup>

Dauðinn varðar ykkur ekki, hvorki lífs né liðin: lifandi vegna þess  
að þið eruð; látin vegna þess að þið eruð ekki lengur.

Enginn deyr of snemma. Sá tími sem þið skiljið eftir tilheyrði  
ykkur ekki frekar en sá tími sem leið áður en þið fæddust, og hann  
snertir ykkur ekki heldur,

Respice enim quam nil ad nos ante acta vetustas  
Temporis æterni fuerit.<sup>62</sup>

---

58 [Sigráðu aldirnar og lifðu eins lengi og þig lystir, hinn eilífi dauði mun samt bíða þín. Lucretius, *De Rerum Natura*, III, 1090–1091]

59 [Veistu ekki að í dauðanum er enginn annar þú, sem syrgir dauða þinn og stendur við lík þitt. Lucretius, *De Rerum Natura*, III, 885–887]

60 [Enginn hefur áhyggjur af lífi sínu eða sjálfum sér, við finnum enga þrá eftir okkur sjálfum. Lucretius, *De Rerum Natura*, III, 919 og 922]

61 [Við ættum að álíta dauðann sem miklu minna fyrir okkur, ef nokkuð er minna en það sem við sjáum að er ekkert. Lucretius, *De Rerum Natura*, III, 926–927]

62 [Líttu við og gættu að því að þessi eilífið sem var fyrir þinn dag er ekkert fyrir okkur. Lucretius, *De Rerum Natura*, III, 972–973]

Hvar svo sem lífi ykkar lýkur, þar er það í allri lengd sinni. Þau not sem hafa má af lífinu eru ekki í lengdinni heldur í því hvað þið gerið við það: sumir hafa lifað lengi en hafa lifað lítið; einbeitið ykkur að því á meðan þið eruð lifandi. Það er ekki árafjöldinn heldur viljinn sem segir til um hvort þið hafið lifað nóg. Hélduð þið að þið kæmust aldrei þangað sem þið stefnduð? Allir vegir enda einhvers staðar. Og ef félagsskapur getur létt ykkur lífið, eru þá ekki allir á sömu leið og þið?

*omnia te vita perfuncta sequuntur.*<sup>63</sup>

Er ekki allt á sömu ferð og þið? Er eitthvað sem eldist ekki jafnmikið og þið? Þúsundir manna, þúsundir dýra og þúsundir annarra vera deyja á sama andartaki og þið:

Nam nox nulla diem, neque noctem aurora sequuta est,  
Quæ non audierit mistos vagitibus ægris  
Ploratus, mortis comites et funeris atri.<sup>64</sup>

Til hvers hörfið þið ef ekki er hægt að komast undan. Þið hafið séð næg dæmi þess að menn voru sáttir við að deyja og komust þannig hjá margri ógæfunni. En hafið þið hitt einhvern sem kom þetta illa? Því er það mikil einfaldni að fordæma nokkuð sem þið hafið hvorki reynt á eigin skinni né annars. Af hverju kvartar þú undan mér og örlögum? Höfum við sýnt þér ranglæti? Átt þú að stjórna okkur eða við þér? Þótt aldur þinn sé ekki hár er lífi þínu lokið. Líttill maður er heill maður, eins og sá stóri.

Það er hvorki hægt að mæla mennina né líf þeirra í alinum. Keiron afþakkaði ódauðleikann þegar sjálfur guð tímans og varanleikans, Satúrnus, faðir hans, sagði honum hvað í honum fólst. Hugsuð ykkur hversu óbærilegt varanlegt líf yrði mannum og erfiðara en það líf sem ég gaf honum. Ef þið hefðuð ekki dauðann mynduð þið bölvva mér án afláts fyrir að hafa tekið hann frá ykkur. Vísvitandi blandaði ég í hann dálitlum biturleika, þar sem hann er

63 [Allt mun fylgja þér í dauðann að lífinu loknu. Lucretius, *De Rerum Natura*, III, 968]

64 [Aldrei hefur nótt fylgt degi og dagur nótt án þess að heyra megi, í bland við vælið í börnum, sorgargráttinn sem fylgir þeim látnu og jarðarför þeirra. Lucretius, *De Rerum Natura*, II, 578–580]

svo auðveldur í notkun, til þess að hindra ykkur í að taka of miklu ástfóstri við hann. Til að halda ykkur í þessari hófstillingu, að flýja hvorki lífið né dauðann, sem ég vil að þið temjið ykkur, mildaði ég hvort tveggja með mýkt og beiskju.

Ég kenndi Þales,<sup>65</sup> ykkar mesta spekingi, að líf og dauða mætti leggja að jöfnu og þannig svaraði hann einkar viturlega þeim sem spurði hann af hverju hann dæi ekki: „Vegna þess að það má leggja að jöfnu.“

Vatnið, jörðin, eldurinn og aðrir hlutar þessarar byggingar eru ekki meiri þátttakendur í lífi þínu en dauða. Hví óttast þú þinn hinsta dag? Hann færir þig ekki nær dauða þínum en allir hinir dagarnir. Síðasta skrefið veldur ekki magnleysi: það sýnir magnleysið. Allir dagar stefna að dauðanum, sá síðasti kemst þangað.<sup>66</sup>

Þetta eru nú góðu ráðleggingar móður náttúru. Ég hef nefnilega oft leitt hugann að því hvernig á því standi að í stríðum virðast andlit dauðans, hvort sem það er á okkur eða öðrum, tvímælaust ekki eins skelfileg og í heimahúsi, annars væru ekkert nema læknar og væluskjóður í hernum; og þar sem dauðinn er alltaf eins, hvers vegna sýna þorpsbúar og lægra settir meiri styrk en aðrir? Ég held satt að segja að svipirnir og þessar hræðilegu umbúðir sem við umvefjum dauðann veki hjá okkur meiri ótta en hann sjálfur: lífið gerbreytist, mæður, konur og börn æpa og veina, forviða fólk og frávíta af sorg lítur inn, föllir og útgrátnir þjónar sinna verkum sínum, dagsbirtan fær ekki að komast inn í herbergið sem er upplýst af kertaljósi, predikarar og læknar sitja um rúmstokkinn; þegar allt kemur til alls ekkert nema hryllingur og ótti í kringum okkur. Það er búið að vefja okkur í líkklæðin og jarðsetja. Börn verða hrædd við vini sína þegar þeir bera grímur; það sama á við um okkur. Það verður að taka grímuna bæði af hlutum og fólki; þegar hún er farin munum við aðeins sjá sama dauðann og þjónn eða þjónustustúlka sáu nýlega án þess að fyllast skelfingu.<sup>67</sup> Góður er sá dauðdagi sem sviptir mann tíma til að kalla saman slíkt fylgdarlið!

## Þýð. Ásdís R. Magnúsdóttir

65 Dæmi fengið úr *Vitae philosophorum*, I, i, 35, eftir Diogenes Laertios.

66 Hér lýkur ráðleggingum móður náttúru sem byrja nedarlega á bls. 15.

67 Hér sækir Montaigne innblástur í Senecu, *Epistulae morales ad Lucilium*, XXIV, 14.